

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Berglindi Ósk Guðmundsdóttur um nefndir á vegum ráðuneytisins og kostnað vegna þeirra.

1. Hverjar eru lögbundnar nefndir á vegum ráðuneytisins og hver hefur árlegur kostnaður við hverja þeirra verið frá 2021?

Þróunarsamvinnunefnd starfar samkvæmt lögum nr. 121/2008, um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, og skipar utanríkisráðherra fulltrúa í nefndina og varamenn þeirra. Utanríkisráðherra skipar einnig stjórn GRÓ – Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu sem starfar samkvæmt reglugerð nr. 1260/2019. Kostnaður utanríkisráðuneytisins vegna nefndanna frá árinu 2021 er sem hér segir:

	2021	2022	2023
Þróunarsamvinnunefnd	186.264 kr.	203.965 kr.	0 kr.
Stjórn GRÓ	58.208 kr.	2.311.601 kr.	2.984.872 kr.

2. Hvaða aðra starfshópa og nefndir hefur ráðherra sett á laggirnar og hver hefur árlegur kostnaður við hverja þeirra verið frá 2021?

Kostnaður utanríkisráðuneytisins vegna annarra starfshópa og nefnda sem utanríkisráðherra hefur sett á laggirnar frá árinu 2021 er sem hér segir:

	Skipunarár	Lauk störfum	2021	2022	2023
Starfshópur um heildstæða jafnréttisáætlun utanríkisráðuneytisins	2021	2021	0 kr.		
Starfshópur um landkynningar- og menningardagskrá í tengslum við formennsku Íslands í Evrópuráðinu	2021	2023	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Matshópur vegna þróunarsamvinnuverkefna félagasamtaka	2021	2022	721.774 kr.	457.376 kr.	
Matsnefnd um Heimsmarkmiðasjóð atvinnulífsins	2021		2.204.125 kr.	1.021.884 kr.	1.090.704 kr.
Samráðshópur um ljósleiðaramálefni	2021	2021	0 kr.		
Matshópur vegna kynningar- og fræðsluverkefna félagasamtaka	2022			0 kr.	0 kr.
Nefnd um ráðstöfun ljósleiðaraþræða	2022	2022		0 kr.	
Starfshópur til að vinna drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 2/1993 til innleiðingar á bókun 35 við EES-samninginn	2022	2023		0 kr.	1.674.172 kr.
Matshópur um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu	2023	2023			738.864 kr.
Starfshópur vegna endurskoðunar á viðskiptakerfi með losunarheimildir fyrir flug	2023	2023			0 kr.
Starfshópur um framkvæmd vegabréfsáritana	2023				0 kr.
Nefnd um endurskoðun á regluverki varðandi vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands	2023				0 kr.

	Skípunarár	Lauk störfum	2021	2022	2023
Samráðshópur um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða	2024				
Starfshópur um aðgerðir gegn gullhúðun	2024				

3. *Hefur ráðherra skoðað að leggja niður nefndir? Ef svo er, hvaða nefndir?*

Utanríkisráðherra skipar tímabundið í nefndir og starfshópa sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum og miðast starfstími þeirra við framkvæmd þess verkefnis sem þeim hefur verið veitt umboð til þess að sinna. Ekki eru uppi áform um að leggja niður þær lögbundnu nefndir sem utanríkisráðherra skipar í.

Alls fóru sex vinnustundir í að taka svarið saman.